# Bæjarmálafélag Bolungarvíkur

## Lýðræðisleg stjórnmálahreyfing bæjarbúa í Bolungarvík

xK Betri bær

## Mánudagskvöld 17. maí: kl. 20.00

Komuð þið okkur á kaldan klaka??

-Fráfarandi bæjarfulltrúar svara fyrir sig. Sossa, Gunnar og Jói mæta brynvarin og sitja fyrir svörum í kvöld. Brennur á þér spurning t.d. varðandi félagsheimilið? Sundlaugargarðinn? „fjármálasukkið?“

## Föstudagskvöld 21. maí: kl. 20.00

Karlmönnum bannaður aðgangur!

–Stelpur, nú hittumst við allar með græna maskann, gúrkusneiðarnar, rúllurnar og náttsloppinn! Hlustum á góða tónlist, borðum popp og súkkulaði og slúðrum svo fram á kvöldið. Mæting klukkan átta. „Á þetta eitthvað skylt við pólitík?“ –já, svo sannarlega. Hverjar haldiði að stjórni heiminum? Konur! Strákarnir eru velkomnir að þreyta með sér í billiard á Vaxon á meðan.

## Laugardagur 22. maí

Við tökum daginn í að halda uppá nýju stefnuskrána.

kl. 14.00 Litið yfir farinn veg !

-Lárus Benidiktsson sýnir gamlar myndir frá fyrri tíð í Bolungarvík. Þar má sjá myndir af gömlum húsum og löngu horfnum sem og mannlífi fyrri áratuga. Þá verður sýnd myndin „Heimsókn þar sem lífið er fiskur“ sem var gerð í Bolungarvík í umsjá Ómars Ragnarssonar árið 1975. Kaffi og vöfflur.

Kl: 18.00 Matur er mannsins megin.

Áfram skal haldið. Kvölda tekur, sest er sól. Við fírum upp í grillinu og sláum upp fjölskyldugrillveislu. Allir bæjarbúar velkomnir. Takið með ykkur drykki, spariskapið og njótum þess að borða saman góðan mat og skemmta hvert öðru! Pylsur handa ungum, alvöru matur handa þeim eldri....

*Við vekjum athygli á því að kosningaskrifstofa Bæjarmálafélagsins að Höfðastíg 6 verður opin öll kvöld fram að kosningum frá klukkan 20.00 -22.00 frá og með mánudeginum 24.maí. Kíkið við í kaffi, krefjið frambjóðendur svara við því sem á ykkur brennur eða hreinlega komið og takið þátt í skemmtilegum félagsskap.*

Skólastíg 7 - 415 Bolungarvík - baejarmalafelagid@gmail.com
facebook: Bæjarmálafélag Bolungarvíkur
vefsíða: http://xk.blog.is
Formaður Sveinn Bernódusson, sími: 456 7362 – 894 7702